



Alþingi  
Erindi nr. P 130/843  
komudagur 23.1.2004

21. janúar 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál.


Með bréfi dags. 15. desember 2003 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál, matsreglur, EES-reglur.

Frumvarpið byggir á tilskipun 2001/65/EB um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE og 86/635/EBE að því er varðar matsreglur vegna ársreikninga og samstæðureikninga félaga með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem og banka og annarra fjármálafyrirtækja. Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin taki upp gangverðsreikningsskil (e. fair value accounting) fyrir tiltekna fjármálagerninga til að fjármálaupplýsingar innan bandalagsins séu samanburðarhæfar. Reikningsskilin byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IAS nr. 32 og 39, sem fjalla um mat og greiningu á fjármálagerningum.

Seðlabanki Íslands gengur út frá því að frumvarpið endurspegli að fullu ákvæði tilskipunarinnar og leggur áherslu á mikilvægi þess að það verði samþykkt. Seðlabankinn leggur jafnframt áherslu á að áfram verði unnið að endurskoðun laga um ársreikninga til þess að tryggja að þau verði jafnan í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og fylgi framvindu alþjóðlegra reikningsskilastaðla svo sem kostur er.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Birgir Ísleifur Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

  
Jón Sigurðsson  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS